

Nd.

85. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 12. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiddast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það verður sífellt torveldara að fá héraðslækna í hin afskekktustu og fámennustu héruð, og er nú ekki útlit fyrir annað en að sum þeirra fáist alls ekki skipuð. Tilgangur þessa frv. er að gera þessi læknishéruð eftirsóknarverðari, ef unnt væri.